

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um þjónustuskyldur í eldsneytisafgreiðslu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Telur ráðherra koma til greina að setja reglur um lágmarksþjónustu í eldsneytisafgreiðslu í fámennum byggðarlögum utan alfaraleiða?
2. Telur ráðherra koma til greina að gera kröfur um lágmarkseldsneytisbirgðir í byggðarlögum sem geta einangrast vegna óveðurs eða náttúruhamfara?
3. Kemur til greina að gera olíufélögum skylt að hafa á eldsneytisafgreiðslustöðvum sínum öryggisbúnað sem geri kleift að afgreiða eldsneyti þótt þar verði rafmagns- eða síma-sambandslaust um stundarsakir?